

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Gallon ehf. Reyðarfirði



Dags eftirlits	27.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skútuvogi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725312,177 512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða mælingar á olíu í fráveituvatni og þjálfun stöðvarstjóra. Tvær ábendingar voru settar fram er varða að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók og að uppfæra þarf lagnateikningar í stöðvarhúsi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Óseyri á Reyðarfirði. Heimilt er að geyma allt að 540 m<sup>3</sup> af olíu eða bensíni, með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári í stöðinni. Einnig er heimil móttaka úrgansolíu.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í síðasta eftirliti, árið 2021, en ein ábending var sett fram er varðar að viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skulu vera aðgengilegar í stöðvarhúsi. Brugðist hefur verið við þeirri ábendingu. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2027.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti aðrar en frágangur í þró og lagfæringar við stöðvarhús. Settur hefur verið upp stútur við afgreiðsluplan til að tengja við flutningsbíla bensíns og gufurnar leiddar frá afgreiðsluplaní og á bak við stöðvarhús. Fyrirhugað er að rífa gasolíugeymi sem tekinn hefur verið úr notkun (nr. 751-B202) og færa til förgunar. Minnt er á að sækja þarf um leyfi til niðurrifs til Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Einn bensíngeymir er í stöðinni og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2018. Löndunarlögn bensíns af bryggju er sameiginleg með Olíudreifingu ehf. og var hún síðast þrýstiprófuð af Olíudreifingu árið 2020 og áframhaldandi notkun hennar samþykkt af eftirlitsaðila. Afgreiðslulögn liggur frá bensíngeymi, í gegnum mengunarvarnarþróna, þar tvísvar í gegnum þróarvegg og inn í dæluhús. Tjöruborði til varnar tæringu er límdur á lögnina þar sem hún snertir jarðveg. Ekki er gerð krafa um að sú lögn sé þrýstiprófuð þar sem hún stendur ofanjarðar og er innan þróar. Umfangið er álíka og verið hefur. Engin olía er geymd í stöðinni og ekki er tekið á móti úrgangsolíu.

Ekki er gerð krafa um söfnun á rokgjörnum gufum frá bensíngeymi þar sem gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 5.000 tonn á ári og er hún því undanþegin kröfum um gufuendurnýtingarbúnað.

Ekkert niðurfall er í mengunarvarnarþrónni og er undantöppun framkvæmd í lokuðu kerfi.

Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma er tengt olíuskilju en það fer frárennslí skiljunnar í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Olíuskiljan er skoðuð að meðaltali einu sinni í mánuði og skráningar þar um í rekstrarhandbók. Skynjarar í skilju eru prófaðir á 3ja mánaða fresti. Bilun kom upp í skynjara er eftirlitið fór fram og var von á rafvirkja til lagfærings síðar um daginn. Mæling var síðast gerð í fráveituvatni olíuskiljunnar árið 2018 en skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár og átti því að mæla næst árið 2021. Olía í skilju hafði enn ekki verið mæld er eftirlitið fór fram og er því sett frávik þar um. Minnt er á að senda þarf niðurstöður mælingarinnar til eftirlitsaðila um leið og þær berast rekstraraðila.

Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl sem þar voru. Skráningar eru góðar og allar áætlanir, afrit af starfsleyfi, öryggisblöð og aðrar upplýsingar er krafa er gerð um að séu til staðar skv. starfsleyfi eru aðgengilegar í rekstrarhandbók, en bent er á að lagfæra þarf skipulag í bókinni svo aðgengi sé betra. Fjarlægja þarf úrelt öryggisblöð úr viðbragðsmöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri. Teikning af stöðinni, flæðirit og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var sýnilegt upp á vegg í stöðvarhúsi en bent er á að uppfæra þarf lagnateikningar m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Olíublautar tuskur og annar olíusmitaður úrgangur er tekin jafn óðum með í olíubílana og þeim safnað saman í birgðastöð rekstraraðila á Eskifirði. Nánast enginn annar úrgangur fellur til í stöðinni. Ísogsefni og mottur eru til staðar.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 3.2 og 3.4 í starfsleyfi.

Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Olía var síðast mæld árið 2018 og átti því að mæla árið 2021. Olía í skilju hafði enn ekki verið mæld er eftirlitið fór fram.

Gr. 4.7 í starfsleyfi.

Starfsmann og þjónustuaðilar skulu fá viðeigandi þjálfun. Láðist að kenna nýjum stöðvarstjóra mælingar úr olíuskilju og fara yfir starfsleyfið svo öllum þeim kröfum sem þar koma fram sé fylgt.



## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og fjarlægja úreld öryggisblöð úr öryggismöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri.


Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi lagnateikningar í stöðvarhúsi m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lönum.

## ANNAÐ

Engar kvartandir hafa borist, hvorki til rekstraraðila né eftirlitsaðila vegna starfseminnar og engin stærri mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölín. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 29.11.2023

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

